



Vinnulýsing
VLY-0025

ÁBYRGÐ: Framkvæmdastjóri framkvæmda
ÚTGÁFA: 1.0
ÚTGÁFUDAGUR: 30.05.2025



Áætlunargerð - framsetning hönnunargagna

Ábending: Vinnulýsing þessi fylgir verklagsreglu VLR-0007 Áætlunargerð. Verkefnastjórar styðjast við GÁT-0099 Gátlista verkefnastjóra í öllum verkum. Vinnulýsingin er einnig aðgengileg á heimasíðu FSRE: <https://www.fsre.is/um-okkur/starfsreglur-og-vidmid/vidmid>

TILGANGUR

Að tryggja samræmi í framsetningu gagna hjá hönnuðum. Vinnulýsing þessi inniheldur leiðbeiningar ætlaðar hönnuðum jafnt sem FSRE og fjallar um uppsetningu gagna á verkefnavef FSRE (CDE) og framsetningu verklýsingar. Framsetning hönnunargagna er nokkurs konar staðall sem FSRE setur fram til að minnka líkur á misræmi í gögnum frá hönnuðum.

LÝSING

Í töflu 1 – yfirlit yfir skilagögn er sýnt hvernig útboðsgögnum er raðað í möppur á verkefnavef FSRE (CDE) undir „Pakkar“ í lok áætlunargerðar. Fram kemur lýsing á þeim gögnum sem setja skal í viðeigandi möppur, skráarsnið þeirra auk skýringa.

Heiti skráa skulu uppfylla kröfur og leiðbeiningar í VLY-0964 Samræmd skráarheiti. Kerfið byggir á Molio A104 Information Management. Skráarheiti gagna skal vera það sama yfir allan líftíma skráa, óháð stöðu eða útgáfu.

Möppurnar eru eftirfarandi:

- A – Gögn til FSRE
- B – Verklýsing
- C – Tilboðsskrá
- D – Teikningar og líkön

Tafla 1 – yfirlit yfir skilagögn:

IXXXXXXX er verknúmer FSRE fyrir viðkomandi verk.

Möppur	Skjal	Skráarsnið	Skýring
A – Gögn til FSRE			Í þessari möppu eru gögn til notkunar hjá FSRE sem fara ekki á útboðsvef FSRE. Hluti gagna (nema annað sé tekið fram) er hins vegar framlag hönnuða til útboðs- og samningsskilmála.
	IXXXXXXX_K01_C08_ZGreinargerð um hönnun	.pdf	Greinargerð um hönnun í samræmi við verklagsreglur fjármála- og efnahagsráðuneytis um tilhögun opinberra framkvæmda. Sjá https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/eignir-rikisins/opinberar-framkvaemdir/verklagsreglur/ , lið 2.3.4 Greinargerð um hönnun.
	IXXXXXXX_K01_C11_ZTillaga að tímaáætlun	.pdf	Tillaga hönnuða að tímaáætlun
	IXXXXXXX_KX_C03_Zkostnaðaráætlun	.xlsx	Sundurliðuð kostnaðaráætlun hönnuða byggð á magntölum.
	IXXXXXXX_K01_C03_Zkostnaðaráætlun búnaður	.xlsx	Áætlun kostnaðar vegna alls búnaðar þegar það á við (þ.e. ef það er hluti samnings við hönnuð). Ella á ábyrgð verkefnastjóra FSRE.

Möppur	Skjal	Skráarsnið	Skýring
	IXXXXXXX_K01_C04_ZAfgreiðsla byggingaryfirvalda...	.pdf	Afgreiðsla byggingaryfirvalda á aðal- og sérteikningum
	IXXXXXXX_K00_C09_Zinnlegg hönnuða		Innlegg hönnuða í útboðs- og samningsskilmála. Hér skal setja allt það efni, sem hönnuðir eiga og vilja koma inn í útboðs- og samningsskilmála. Til þess telst: - lauslegt yfirlit yfir verkið, þar sem fram koma helstu magntölur - framlag verkkaupa - teikningaskrá fyrir allt verkið í Excelskjali - annað efni sem hönnuðir vilja koma á framfæri í útboðs- og samnings-skilmálum.
Eftirfarandi gögn fara óbreytt á útboðsvef.			
B – Verklýsing			Í þessa möppu skal setja staka kafla verklýsingar allt að 10 pdf-skjöl, eitt með hverjum kafla verklýsingar fyrir sig, eftir umfangi verks. Nota skal sniðmát að verklýsingu sem er á heimasíðu FSRE.
	IXXXXXXX_K09_C08_ZK1 Aðstaða og jarðvinna	.pdf	
	IXXXXXXX_K09_C08_ZK2 Burðarvirki	.pdf	

Möppur	Skjal	Skráarsnið	Skýring
	IXXXXXXX_K08_C08_ZK3 Lagnir	.pdf	
	IXXXXXXX_K07_C08_ZK4 Rafkerfi	.pdf	
	IXXXXXXX_K01_C08_ZK5 Frágangur innanhúss	.pdf	
	IXXXXXXX_K01_C08_ZK6 Laus búnaður	.pdf	
	IXXXXXXX_K01_C08_ZK7 Frágangur utanhúss	.pdf	
	IXXXXXXX_K02_C08_ZK8 Frágangur lóðar	.pdf	
	IXXXXXXX_KX_C08_ZK9 Annað	.pdf	
	IXXXXXXX_KX_C08_ZK10 Leiðbeinandi tegundaskrá	.pdf	
C – Tilboðsskrá			
	IXXXXXXX_KX_C03_ZTilboðsskrá	.xlsx	Tilboðsskrána, sjá „SNM-1178 Tilboðsskrá FSRE“, skal setja inn sem Excel-skjal, þar sem tilboðsblaðið er á fyrsta flipa og síðan hver kafla á sérflipa með samsvarandi númerakerfi og fyrir verklýsingu. Skjalið skal setja upp með formúlum, sem margfalda saman magn og einingarverð og leggja saman hvern kafla fyrir sig. Niðurstöðutala hvers kafla skal færast sjálfvirkt yfir á tilboðsblaðið. Allir kostnaðarliðir í

Möppur	Skjal	Skráarsnið	Skýring
			tilboðsskrá skulu vera númeraðir og skulu hafa samsvarandi númeraðan lið í verklýsingu.
D – Teikningar og líkön			Hér skal setja teikningaskrá fagsviða og stakar teikningar (ein teikning í hverju pdf-skjali) fagsviðs í undirmöppu fagsviðs þ.e. burðarvirkis-, lagna- (frárennsli, vatns-, hita- og loftræsilagnir), raflagna-, arkitekta- og lóðarteikninga. Setja skal BIM-líkön hvers fagsviðs í sér möppu. Hönnunarstjóri fær útboðsnúmer og heiti hjá verkefnastjóra FSRE.
K01 Arkitektúr - Aðaluppdrættir			
	IXXXXXXX_K01_C01_ZTeikningaskrá	.pdf	Teikningaskrá fagsviðs
	IXXXXXXX_K01...	.pdf	Stakar teikningar
K09 Burðarþol			
	IXXXXXXX_K09_C01_ZTeikningaskrá	.pdf	Teikningaskrá fagsviðs
	IXXXXXXX_K09...	.pdf	Stakar teikningar
K08 Lagnir og loftræsing			
	IXXXXXXX_K08_C01_ZTeikningaskrá	.pdf	Teikningaskrá fagsviðs
	IXXXXXXX_K08...	.pdf	Stakar teikningar
K07 Rafkerfi			

Möppur	Skjal	Skráarsnið	Skýring
	IXXXXXXX_K07_C01_ZTeikningaskrá	.pdf	Teikningaskrá fagsviðs
	IXXXXXXX_K07...	.pdf	Stakar teikningar
K01 Arkitektúr			
	IXXXXXXX_K01_C01_ZTeikningaskrá	.pdf	Teikningaskrá fagsviðs
	IXXXXXXX_K01...	.pdf	Stakar teikningar
K02 Landslag			
	IXXXXXXX_K02_C01_ZTeikningaskrá	.pdf	Teikningaskrá fagsviðs
	IXXXXXXX_K02...	.pdf	Stakar teikningar
KX Líkön			
	IXXXXXXX_K...	.ifc	Stök BIM-líkön. Uppdeiling líkana, skráarheiti og IFC staðall samkvæmt Kröfum til upplýsingamiðlunar (EIR) og BIM-aðgerðaáætlun (BEP).

Tilvísanir

SNM-1178 Tilboðsskrá FSRE

SNM-XXXX Verklýsing - sniðmát